



AGS svartsýnni á hagvaxtarþróun í helstu viðskiptalöndum

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) gaf í byrjun apríl út verðbólgu- og hagvaxtarspá fyrir flest lönd heimsins. Sjóðurinn segir að eftir myndarlegan hagvöxt árið 2017 og á fyrri hluta ársins 2018 hafi alþjóðahagkerfið róast verulega á seinni hluta síðasta árs vegna ýmissa þátta sem höfðu áhrif á stærstu hagkerfi heimsins. Áhrifaþættir voru m.a. tollastríð milli Bandaríkjanna og Kína, minnkandi væntingar, þrengri fjármálaleg skilyrði og aukin pólitísk og fjármálaleg óvissa í mörgum löndum.

Hagspá fyrir 2019 færð úr 1,8% niður í 1,4%


AGS gaf síðast út hagvaxtar- og verðbólguþátt í október síðastliðnum og spáir sjóðurinn nú lægri hagvexti í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands nema Kína, Japan og Póllandi. AGS gerir ráð fyrir að hagvöxtur í viðskiptalöndunum verði 1,8% á þessu ári sé vöxturinn veginn með 14 stærstu viðskiptalöndum Íslands.¹ Þetta er 0,4 prósentustiga minni vöxtur en sjóðurinn spáði í október.

Langmestu áhrifin koma frá evrusvæðinu en gert er ráð fyrir að hagvöxtur þar verði 1,3% á árinu. Áður hafði verið spáð 1,9% vexti en evrusvæðið vegur tæplega 41% í utanríkisviðskiptum Íslands. Mesta breytingin er hins vegar hjá Svíþjóð en spáin fer þar úr 2,2% niður í 1,2% og lækkar því um 1 prósentustig. Af þessum 14 löndum spáir sjóðurinn nú minni hagvexti í 11 löndum en meiri hagvexti í 3 löndum borið saman við októberspána.

Minni hagvöxtur til skemmri tíma en meiri til lengri tíma


Lítið til næstu ára spáir AGS örlítið minni vexti en áður. AGS spáir því að hagvöxtur í viðskiptalöndunum verði 1,9% á næsta ári og 1,8% árið 2021. Í hvoru tilfalli fyrir sig er um að ræða 0,05 prósentustiga lækkun frá októberspánni. Lægri spá helgast að mestu leyti af væntingum um minni hagvöxt á evrusvæðinu. AGS gerir nú ráð fyrir 1,5%

Hagvaxtarspá AGS



Heimild: AGS

Spá um hagvöxt í viðskiptalöndunum



Heimild: AGS

¹ Vægi einstakra landa tekur mið af heildarvægi þess í inn- og útflutningi vara og þjónustu.



hagvexti hvort ár 2020 og 2021 en hafði áður spáð 1,7% vexti árið 2020 og 1,6% vexti árið 2021. Spáin fyrir Bandaríkin hefur hækkað úr 1,8% upp í 1,9% fyrir næsta ár en úr 1,7% upp í 1,8% árið 2021. Árin 2022 og 2023 gerir sjóðurinn ráð fyrir 1,7% hagvexti hvort ár og er það ögn meiri hagvöxtur hvort ár en sjóðurinn spáði í október. Það helgast aðallega af spá um meiri hagvöxt í Bandaríkjunum. AGS spáir nú 1,6% hagvexti þar árið 2021 í stað 1,5% áður og 1,6% árið 2022 í stað 1,4% áður.

Minni verðbólga allt spátímabilið

AGS hefur lækkað verðbólguþátt sína fyrir helstu viðskiptalönd Íslands yfir allt spátímabilið. Að meðaltali gerir sjóðurinn ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 1,9% á tímabilinu 2019-2023 en til samanburðar spáði sjóðurinn 2,1% meðalverðbólgu á þessu tímabili í október síðastliðnum. Verðbólga verður lægri öll næstu árin sé miðað við fyrri spá frá því í október. Lægri verðbólga mun styðja við lægri verðbólgu hér á landi en umtalsverður hluti neyslukörfu íslenskra heimila er innfluttur.


Umtalsverð lækkun á verðbólguþáttinum fyrir þetta ár

Á þessu ári spáir AGS að verðbólga í viðskiptalöndunum verði 1,6% en spáin frá því í október hljóðaði upp á 2%. Lægri verðbólguþáttur skýrist að mestu leyti af lægri verðbólguþátt á evrusvæðinu. Nú er spáð 1,3% verðbólgu á evrusvæðinu í stað 1,7% áður. Áhrif annarra landa eru einnig töluverð en áhrif af lægri verðbólgu í Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku og Sádi-Arabíu eru til jafns við áhrif evrusvæðisins á verðbólgu í viðskiptalöndunum.

Meiri verðbólgu spáð í Bandaríkjunum en minni á evrusvæðinu


Litið lengra fram í tímann gerir sjóðurinn nú ráð fyrir lægri verðbólgu á evrusvæðinu öll næstu ár en sjóðurinn spáði í október. Áhrif lægri verðbólgu í viðskiptalöndunum á tímabilinu 2020-2023 koma að mestu leyti til vegna forsendu um lægri verðbólgu á evrusvæðinu. Sjóðurinn gerir ráð fyrir meiri verðbólgu í Bandaríkjunum á árunum 2020-2023 en hann spáði í október. Meðalverðbólga á þessu tímabili verður 2,4% samkvæmt spá AGS borið saman við 2,2% í októberspánni.

Hagvaxtarspá fyrir evrusvæðið og Bandaríkin




Heimild: AGS

Spá um verðbólgu í viðskiptalöndunum



Heimild: AGS

Verðbólguþáttur fyrir evrusvæðið og Bandaríkin



Heimild: AGS



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.